

**Staðfesting forsetans á skipulagsskrá fyrir Verðlaunasjóð Guðmundar B. Kristjánssonar, stýrimannaskólakennara og skipstjóra, útgefin á venjulegan hátt að mandatum af dómsmálaráðherra 18. maí 1979.**

Skipulagsskráin er þannig:

## **SKIPULAGSSKRÁ**

**fyrir Verðlaunasjóð Guðmundar B. Kristjánssonar, stýrimannaskólakennara og skipstjóra.**

### **1. gr.**

Sjóðurinn nefnist Verðlaunasjóður Guðmundar B. Kristjánssonar og er stofnaður á 100 ára afmæli hans hinn 26. janúar 1979 af dætrum hans Ingibjörgu, Herdísi og Ragnheiði.

### **2. gr.**

Tilgangur sjóðsins er að verðlauna á vori hverju þann nemanda við Stýrimannaskólann í Reykjavík, sem við lokapróf hefur þá fengið hæstu einkunn í siglingafræði miðað við öll stig námsins.

### **3. gr.**

Sjóðurinn skal vera í vörslu skólastjóra Stýrimannaskólans í Reykjavík, sem skal sjá um að sjóðurinn sé ávaxtaður eftir ákvæðum þessarar skipulagsskrár og að fé hans sé rétt varið hverju sinni.

### **4. gr.**

Stofnfé sjóðsins er kr. 1 000 000.00 — ein milljón krónur 00/100 — og skal sjóðurinn ávaxtast í banka með hæstu innlánsvöxtum hverju sinni. Höfuðstól sjóðsins eins og hann nú er eða síðar kann að verða má aldrei skerða. Þegar höfuðstóll sjóðsins hefur með vaxtaviðbótum náð kr. 2 000 000.00, en fyrir ekki, má veita 75% af vöxtum sjóðsins á ári hverju til verðlauna í samræmi við tilgang hans, en 25% skal ætíð leggjast við höfuðstólinn.

### **5. gr.**

Þegar sjóðurinn hefur náð því að verða að höfuðstóli kr. 4 000 000.00 er skólastjóra heimilt að úthluta úr sjóðnum verðlaunum til nemenda við lokapróf sem fengið hafa næstbestu einkunnir í siglingafræði miðað við öll stig námsins.

### **6. gr.**

Verðlaunaafhending skal ávallt fara fram við skólaslit og skal verðlaunahafa þá afhent viðurkenningarskjal jafnhliða fjárhæðinni.

### **7. gr.**

Leita skal staðfestingar forseta Íslands á skipulagsskrá þessari og jafnframt fara fram á það við skattayfirvöld að gjafir til sjóðsins verði frádráttarberar frá skatti.